



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 7. október 2019

USK2019090058

8.9

Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verkfræðihönnun og eftirlit með mannvirkjum ÍR - Tilvísun í mál R19090202.

Á fundi borgarráðs 19. september 2019 var svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins lögð fram:

"Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir skýringu á því hvers vegna sami aðili var ráðinn til þess að sjá um verkfræðihönnun (burðarþol, jarðtækni, raflagnir, loftræstingu o.s.frv) vegna íþróttamannvirkja á ÍR svæðinu og síðan til að vera eftirlitsaðili með sömu framkvæmd. Hvenær hófst verkið og hversu lengi sá sami aðilinn um hönnun og hafði eftirlit með sjálfum sér? Hefur Reykjavíkurborg vinnureglur sem eiga að koma í veg fyrir að svona lagað geti gerst? Var verkfræðihönnun íþróttamannvirkja á ÍR svæðinu boðin út? Ef svo var ekki, hverjar eru þá skýringarnar á því?"

Svör:

Á íþróttasvæði ÍR í Mjódd eru nú í gangi eftirfarandi framkvæmdir:

a) Þjónustuhús og frjálsíþróttavöllur. Hönnuðir eru Arkís arkitektar og VSÓ ráðgjöf ehf.

Eftirlit fyrir hönd verkkaupa var boðið út og er á hendi Verkís ehf.

b) Fjölnota íþróttahús. Verkið var boðið út í alútboði. Verktaki er Munck Íslandi ehf.

Verkfræðiráðgjafi á vegum verktaka er Efla ehf. Eftirlit fyrir hönd verkkaupa var boðið út og er á hendi Hnit verkfræðistofu hf.

Það er því ekki um að ræða að hönnuðir mannvirkja séu eftirlitsaðilar með sömu framkvæmdum og er það í samræmi við vinnureglur.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

